



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokks Íslands mánudaginn 2. september 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Viggó K. Jóhannsson. Rán Reynisdóttir og Katrín Baldursdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar telst samþykkt.

2. Verkefni haustsins

a. Opnir fundir, sósíalistakaffi með netvarpi

Rætt var um næsta Sósíalistakaffi á vegum kjörnefndar og borgarstjórnarflokks fimmtudaginn 12. september, þar sem stefnt er að því að umræðuefnið verði útsvar á fjármagnstekjur. Síðar er stefnt að því að ræða stöðu skuldara.

b. Annar áróður og kynning

Verið er að vinna kynningarefni um stefnu flokksins til að setja fram á Facebook.

3. Maístjarnan og stuðningur við hagsmunabaráttu

a. Leigjendasamtökin

Leitað er að leiðum til að efla samtökin.

b. Undirbúningur að stofnun samtaka skuldara, samtaka sjúklinga o.s.frv.

Félag leigjenda hjá félagsbústöðum óskar eftir styrk til að kaupa og reka farsíma. Það var samþykkt samhljóða.

4. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 743.689 kr., Maístjarnan: 2.340.203 kr.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.